



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. október 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (tekjuskattur einstaklinga, virðisaukaskattur, launatengd gjöld og skattar á fjármálafyrirtæki), 2. mál.

Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að skattkerfið eigi fyrst og fremst að vera skilvirkt tekjuöflunartæki ríkissjóðs. Það eigi að vera gegnsætt og laust við flækjur, skattstofnar breiðir og skattprósentur fáar og lágar. Með því móti er dregið úr hvata til undanskota. Markmiðum um jafnari tekjuskiptingu verður best náð með aðgerðum á útgjaldahlið fjárlaga. Þannig fæst skýrari mynd af kostnaði við tekjujöfnun. Þetta er í samræmi við niðurstöðu alþjóðstofnana á borð við OECD og AGS og var mjög vel lýst í skýrslu skattasérfræðinga AGS um skattkerfið á Íslandi í júní 2010.

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald

SA mótmæla harðlega hækkun almenna tryggingagjaldsins um 0,75%. Hækkun gjaldsins stuðlar að fækkun starfa og hækkun verðlags. Það bitnar sérstaklega á litlum fyrirtækjum þar sem launagjöld þeirra eru yfirleitt yfirgnæfandi hluti rekstargjalda, en lítil fyrirtæki eru meginuppspretta fjölgunar starfa í efnahagslífinu.

Í hækkun á almenna tryggingagjaldinu felst að atvinnulífið fær ekki notið lækkunar á þeim byrðum sem á það voru lagðar í kjölfar fjármálakreppunnar vegna aukins atvinnuleysis og gjaldþrota fyrirtækja. Verði þessi áform að lögum hafa stjórnvöld búið til reglu sem leiðir til stöðugar lækkunar tryggingagjaldsins ár frá ári. Reglan felur þannig í sér að vaxi atvinnuleysi, virkar vinnumarkaðsaðgerðir séu auknar eða upphafleg markmið um Fæðingarorlofssjóð nái fram að ganga, þá hækka tryggingagjöld í heild. Ef atvinnuleysi minnkar, vinnumarkaðsaðgerðir eru dregnar saman eða réttindi í fæðingarorlofi skert þá hækkar almenna tryggingagjaldið þannig að tryggingagjöld í heild lækka ekki. Þar til viðbótar er sú stefnumörkun sett fram að almenna tryggingagjaldið skuli fjármagna tiltekna hlutdeild útgjalda Tryggingastofnunar sem felur í sér að tryggingagjaldið mun þurfa að hækka árlega vegna fjölgunar eftirlaunaþega. Reglan felur þannig í sér innbyggða og stöðuga hækkun tryggingagjalda.

Í frumvarpinu er lagt til að almennt tryggingagjald verði hækkað úr 5,29% í 6,04%, eða um 0,75%. Á sama tíma er gert ráð fyrir að sá hluti almenna gjaldsins sem rennur til fæðingarorlofssjóðs lækki úr 1,28% í 0,65%. Hluti almenna gjaldsins sem rennur til fjármögnunar lífeyris- og slysatrygginga almannatrygginga hækkar því um 1,38%, eða um ríflega þriðjung. Þannig hefur sá hluti tryggingagjalds sem rennur til almannatrygginga hækkað sl. tvö ár úr 3,46% í 5,39% eða um 56%. Samtök atvinnulífsins mótmæla harðlega þessari miklu hækkun gjaldsins. Það er engin sátt um að aukin útgjöld almannatrygginga skuli fjármagna með hækkun tryggingagjalds. Bæði er að atvinnurekendur fjármagna stærri og sívaxandi hluta hluta lífeyristrygginga landsmanna á grundvelli kjarasamninga um iðgjöld í lífeyrissjóði án aðkomu ríkisins og að ákvarðanir um hækkun útgjalda ríkisins til almannatrygginga eru á ábyrgð stjórnvalda, án aðkomu aðila vinnumarkaðarins, og því er



óeðlilegt að þær ákvarðanir séu fjármagnaðar með auknum álögum á atvinnulífið. Fyrir liggur að lífeyrisþegum mun fjölga mikið á komandi árum, eða yfir 3% árlega. Ef stjórnvöld hyggjast fjármagna auknar lífeyrisgreiðslur almannatrygginga af þeim sökum að fullu með hækkun tryggingagjalds má gróflega ætla að hækkun þess þyrfti að vera 0,2% árlega að jafnaði. Samtök atvinnulífsins leggjast því alfarið gegn slíkri stefnumörkun.

Þegar horft er til áætlunar um innheimtu tryggingagjalda (sjá töflu bls. 206 í fjárlagafrumvarpi 2014) má ætla að tekjur fæðingarorlofssjóðs verði 11,6 ma.kr. árið 2013 og 6,3 ma.kr. árið 2014. Áætluð útgjöld sjóðsins árið 2014 nema aftur á móti 9,0 ma.kr. og verður þannig gengið á 6 ma. kr. uppsafnaðan afgang sjóðsins um tæplega 3 ma.kr. Að óbreyttu, og í ljósi eiginfjárstöðu sjóðsins, mun því þurfa að hækka gjald í fæðingarorlofssjóð að nýju að tveimur árum liðnum. Í ljósi þess markmiðs með sjóðnum að stuðla að jafnri töku kynja á fæðingarorlofi, og þar með að hámarksþaki á mánaðarlegum greiðslum úr sjóðnum verði lyft, má gera ráð fyrir vaxandi þrýstingi á hækkun þess hlutfalls tryggingagjalds sem rennur til sjóðsins. Þegar að því kemur blasir við að seilst verður til hækkunar á almenna tryggingagjaldinu til að mæta þeirri fjárþörf.

Þá er í frumvarpinu lagt til að atvinnutryggingagjald verði lækkað úr 2,05% í 1,45% á árinu 2014 og í 1,35% á árinu 2015. SA gera ekki athugasemdir við lækkun atvinnutryggingagjaldsins enda er sú lækkun í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011 um lækkun þess samhliða minnkun atvinnuleysis. Í lækkun gjaldsins felst ákvörðun um mikinn niðurskurð virkra vinnumarkaðsaðgerða. Í því sambandi þarf að hafa í huga að hinar stóru vinnumarkaðsaðgerðir undanfarinna ára, m.a. „Vinnandi vegur“ og „Nám er vinnandi vegur“, sem fjármagnaðar hafa verið af atvinnutryggingagjaldi, hafa skilað miklum árangri fyrir atvinnuleitendur og stuðlað að minnkun atvinnuleysis eins og tilgangur þeirra var.

Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt

SA fagna fyrirhugaðri heildarendurskoðun á tekjuskattskerfinu sem boðuð er í greinargerð frumvarpsins. Lækkun skattprósentu í miðþrepi tekjuskatts, skv. frumvarpinu, er fyrsti áfangi þeirrar endurskoðunar sem vonandi leiðir til einföldunar og lækkunar jaðarskatta. Ef sú leið verður farin mun það stuðla að auknu vinnuframboði og bættum skattskilum.

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn hvers kyns breytingum sem veikja skattstofn virðisaukaskatts. Samtökin fagna hins vegar að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar skuli vera áform um að jafna og einfalda neysluskatta og endurskoða vörugjöld.

Samtökin hafa hvatt stjórnvöld til að ráðast í heildarendurskoðun á gildandi lögum um virðisaukaskatt og eru reiðubúin til að veita liðsinni sitt við þá endurskoðun. Virðisaukaskattur er langmikilvægasti tekjustofn ríkissjóðs. Á árinu 2013 eru tekjur ríkissjóðs af VSK áætlaðar 147,5 ma.kr. af tæplega 500 ma.kr. skatttekjum, eða 30% skatttekna. Skatturinn hefur minni skaðleg áhrif en flestir aðrir skattar þar sem hann hefur tiltölulega lítil áhrif á fjárfestingar og vinnuframboð, og þar með verðmætasköpun og lífskjör. Það er því mikilvægt fyrir ríkissjóð að rækta þennan skattstofn, hafa hann sem breiðastan, hlutfallið sem lægst og stuðla að stækkun hans með meiri umsvifum. Virðisaukaskattur, og breytingar á honum, er hins vegar afar dýrt og óskilvirkt tæki til jöfnunar lífskjara.

Rannsóknir Hagstofu Íslands á útgjöldum heimilanna sýna að það hafi óveruleg áhrif til tekjujöfnunar að hafa matvörur og fleiri vörur í lægra þrepi virðisaukaskatts. Þótt lágtekjuheimili verji heldur hærra hlutfalli tekna sinna til kaupa á mat- og drykkjarvörum en hátekjuheimili þá rennur stærrí hluti þeirrar krónutölu sem felst í mismun almenna og lægra þrepsins til hátekjuheimila. Einboðið er því að hverfa frá núverandi stefnu sem í felst óljós og handahófskennd stefna um lífskjarajöfnun og að tiltekin vara



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

og þjónusta skuli njóta skattfríðinda umfram aðra vöru og þjónustu. Í stað þess ber að leggja áherslu á að eina hlutverk VSK-kerfisins sé að afla ríkissjóði tekna. Í því felst að stefna ber að einföldu VSK-kerfi með breiðum skattstofni, mun breiðari en nú er, með einu skattþrepi.

Í 7. gr. frv. er lagt til að heimild til endurgreiðslu 100% þess virðisaukaskatts sem byggjendur íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað og eigendur íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis hafa greitt af vinnu manna við endurbætur eða viðhald þess verði framlengd til 1. janúar 2015, en að óbreyttu hefði heimildin fallið niður um næstu áramót. Átakið *Allir vinna* sem stjórnvöld hafa staðið að í samstarfi við samtök í atvinnulífinu ýtir undir að viðhaldsverkefni af þessu tagi séu uppi á borðinu en átak til að stemma stigu við svartri vinnu er eitt af sameiginlegum hagsmunamálum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Það er samdóma álit þeirra sem að átakanu standa að vel hafi tekist til um markmið þess og Samtök atvinnulífsins hvetja til þess að halda því óbreyttu um sinn.

Breyting á lögum nr. 155/2010, um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki og lögum nr. 165/2011, um fjársýsluskatt

Sérstakur skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja (að undanskildum ÍLS) hækkar úr 0,041% í 0,145% og tekur einnig til lögaðila í slitameðferð. Tekjuauki er áætlaður 14,2 ma.kr., þar af 11,3 ma.kr. vegna lögaðila í slitameðferð. Á móti lækkar almennur fjársýsluskattur á laun fjármála- og tryggingafyrirtækja úr 6,75% í 4,5%. Tekjur ríkisins minnka vegna þessa um 1,1 ma.kr.

Á undanförmum árum hafa verið tíðar breytingar á skattlagningu fjármálafyrirtækja og þær verið studdar með margvíslegum rökum. Samtök atvinnulífsins hafa gagnrýnt stórauðnar óafkomutengdar álögur fjármálafyrirtækja í ríkissjóð og Tryggingarsjóð innistæðueigenda umfram almenna skattheimtu. Ótekjutengd gjöld sem lögð eru á fjármálafyrirtæki leiða til hærri vaxtamunar en ella. Fjársýsluskatturinn er að auki launategndur skattur sem leggst þungt á smærri fjármálafyrirtæki þar sem launakostnaður er stærsti kostnaðarliður þeirra og dregur úr samkeppni innan greinarinnar. SA leggja til að skattlagning fjármálafyrirtækja verði hluti af þeim úrbótum á skattkerfinu, þ.m.t. á virðisaukaskatti, sem boðaðar eru í stefnuýfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins